

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 30. maí 2022
Tilvísun: 202202110 / 3.2

Efni: Vinnslutillaga vegna breytingar á aðalskipulagi, Bakkagerði og efnistaka í Fjarðará

Múlaþing hefur, með erindi dags. 20. maí 2022 sent Skipulagsstofnun til umsagnar vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps, Múlaþingi.

Tillagan er sett fram á kortblaði dags. 2. maí 2022 með tveimur uppdráttum og í greinargerð með sömu dagsetningu.

Tillagan felst í því að í Bakkagerði stækkar íbúðarbyggð (ÍB1) um 400 m² og fjölgar íbúðarlóðum úr 28 í 29 og 3000 m² svæði fyrir þjónustustofnanir (BS7) er breytt í athafnasvæði (BA1) fyrir dúnvinnslu. Einnig er gert ráð fyrir efnistöku úr Fjarðará á tveimur stöðum, samtals um 2,4 ha og er áætlað efnismagn á hvoru svæði allt að 5000 m³.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði sem þarf að bregðast við eða skoða nánar við mótun tillögu:

Uppdrættir

Yfirfara þarf þéttbýlisuppdrætti sem virðast ekki taka mið af nýlega staðfestri breytingu vegna hótels Blábjargar. Á uppdráttinn fyrir breytingu vantar einnig að sýna sjóvarnargarð við Bakkagerði og þá virðast auðkenni fyrir suma landnotkun vanta á uppdrátt eftir breytingu. Á sveitarfélagsuppdrætti eftir breytingu þarf að auðkenna nýja efnistökusvæðið B13.

Athafnasvæði og efnistaka

Í tillögunni eru ekki sett önnur skipulagsákvæði fyrir nýja athafnasvæðið en þau að þar sé um að ræða dúnvinnslu á 0,3 ha lóð. Skipulagsstofnun hvétur til þess að sett verði skýrari skipulagsákvæði svo sem hvort eingöngu sé gert ráð fyrir nýtingu á núverandi húsnæði og þá til dúnvinnslu eða hvort heimilt sé að byggja við húsnæðið og setja þá stefnu um hámarkshæð og umfang atvinnuhúsnæðis. Þar sem athafnasvæðið er í grennd við íbúðarbyggð er tilefni til að setja skipulagsákvæði um hvers konar starfsemi geti þrífist á svæðinu og umgengni á lóð þannig að ekki hljótist ónæði af starfseminni fyrir íbúa.

Í töflu 5 um efnistökusvæði þarf að vera skýrt hvort uppgefið efnismagn feli í sér árlega efnistöku úr ánni eða heildarmagn efnistöku úr ánni.

Íbúapróun

Uppfæra þarf umfjöllun í kafla 2.1. um íbúapróun. Þar er vísað til fjölda íbúa í Borgarfjarðarhreppi og Borgarfirði eystri 1. janúar 2020. Nú er fyrrum Borgarfjarðarhreppur hluti af Múlaþingi og því á

ekki við að fjalla um hann sem slíkan en samkvæmt vef Hagstofunnar voru íbúar á Borgarfirði eystri 92 þann 1. janúar 2022.

Umhverfismat skipulagstillögu

Í umhverfismati, töflu á bls. 11, eru sett fram viðmið til að meta áhrif skipulagstillögunnar á gróður og landslag og m.a. vísað til 37. gr. og 57. gr. laga um náttúruvernd. Þær greinar fjallar um réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá og friðunar og eiga því ekki við. Væntanlega er þarna átt við 61. gr. laganna um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja ofl. og þarf að lagfæra tilvísun í lögin. Tilfni er til að yfirfara töflu um umhverfisþætti og viðmið og setja skýr og viðeigandi viðmið í stað vísana í lagagreinar. Einnig er bent á að ritið *Velferð til framtíðar* er nokkuð komið til ára sinni og áherslur sem þar voru settar hafa verið teknar upp í lögum og annarri stefnu stjórnvalda t.d. um líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmál.



Birna Björk Árnadóttir